

Sp. 118. Tillaga til þingsályktunar [81. mál]
um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum.

Flm.: Eggert Haukdal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga, að fram fari athugun á því eftir hvaða leiðum sé unnt að auka verulega frá því sem nú er innkaup ríkis, sveitarfélaga og stofnana og fyrirtækja þeirra, er leiði til eflingar íslenskum iðnaði, og útboð verði notuð á markvissan hátt til að stuðla að iðn- og vöruþróun í landinu.

Greinargerð.

Á næstíðasta þingi lagði flutningsmaður fram samhljóða tillögu til þingsályktunar um innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Umræður um tillöguna voru mjög jákvæðar, en hins vegar hlaut tillagan ekki endanlega afgreiðslu. Því er hún nú endurflutt. Greinargerð, er tillögunni fylgdi, var svo hljóðandi:

„Fyrir ári lauk skipulagðri kynningu og upplýsingastarfsemi um íslenskan iðnað undir nafninu „Íslensk iðnkynning“. Tilgangur hennar var að efla sölu á íslenskum iðnaðarvörum, glæða almennan skilning á mikilvægi iðnaðarins, á þeirri miklu atvinnu, sem hann veitir, gjaldeyrisöflun og þeim gjaldeyrisparnaði, sem hann hefur í för með sér. Frá því að kynning þessi hófst hafa málefni iðnaðarins verið mjög til umræðu og skoðanakannanir, sem fram fóru af hálfu aðstandenda kynningar þessarar, þóttu leiða í ljós, að innkaupavenjur almennings hefðu breyst íslenskum iðnaði í hag.

Staðreynd er, að það er á ýmsum öðrum sviðum, sem mögulegt ætti að vera að hafa áhrif á innkaup, er varða hag íslensks iðnaðar. Umsvið fjármála ríkis og sveitarfélaga eru mikil í þjóðarbúinu. Auk þess sem útgjöld opinberra aðila hafa bein áhrif á heildareftirspurn í þjóðarbúskapnum, getur markviss beiting þeirra reynst mikilvægt tæki til áhrifa á einstakar atvinnugreinar, ekki sist á hagræna og tæknilega framþróun íslensks iðnaðar.

Fyrirverandi iðnaðarráðherra, Gunnar Thoroddsen, heitti sér fyrir því á s. l. ári, að skipaður var starfshópur fulltrúa iðnaðarráðuneytis, fjármálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis, er gera skyldi tillögur um hvernig haga megi innkaupum ríkisins og stofnana þess, þannig að þau miði að því að efla íslenskan iðnað. Starfshópur þessi, en formaður hans er Þorvarður Alfsson, mun þegar hafa safnað ýmsum upplýsingum og unnið gagnlegt starf. Hér er um yfirgripsmikið og vandasamt verk að ræða og hafa verður hliðsjón af margvíslegum sjónarmiðum. En ljóst er að þjóðhagsleg íslensk sjónarmið verða að sitja í fyrirrúmi.

Þótt starfshópur þessi sé að störfum telur flutningsmaður engu síður nauðsynlegt að Alþingi láti í ljós hug sinn í þessum efnunum. Í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Innkaupum opinberra aðila má einkum skipta í eftirfarandi flokka, eftir eðli þeirra: rekstrarvörur, þjónustu og fjárfestingarvörur.

Verulegum fjárhæðum er varið á vegum ríkis og sveitarfélaga til kaupa á hinum margvíslegustu rekstrarvörum. Má í því sambandi nefna innanstokksmuni, hreinlætisvörur, pappírsvörur og margvíslegar aðrar rekstrarvörur til skóla, sjúkrahúsa og annarra stofnana. Sama gildir um margvíslega viðhalds- og viðgerðarþjónustu þessara stofnana, svo sem Hafrannsóknastofnunar, Landhelgisgæslu, Skipautgerðar ríkisins og fjölmargra annarra.

Þeim aðferðum, sem beitt er í opinberum innkaupum, má skipta í þein innkaup, innkaup eftir að fram hefur farið sérstök verðkönnun og loks útböð. Varðandi útböð skal sérstaklega bent á nauðsyn þess, að lengd skilafrests og stærð útböðseininga sé hagað þannig, að innlendir framleiðendur geti boðið í verkin.

Flutningsmaður tillögu þessarar vill minna á samþykkt, sem gerð var fyrir nokkrum árum í borgarstjórn Reykjavíkur um innlend innkaup, þar sem sú stefna er mörkuð í innkaupum, að heimilt sé að taka tilboði innlendra aðila fram yfir erlenda, þótt verð hinnar innlendu vöru sé allt að 15% hærra, en gæði sambærileg. Flutningsmaður telur nauðsynlegt, að slík regla eða svipuð verði tekin upp fyrir öll opinber fyrirtæki, og er eðlilegt að slíkt verði metið í tengslum við þá athugun, sem hér er lagt til að fram fari.

Það er ljóst að þjóðarþúskaupur okkar verður um ófyrirsjáanlega framtíð háður viðskiptum við önnur lönd. Benda má þó á, að í auknum mæli ber að athuga vandlega, þegar um meiri háttar viðskipti hins opinbera er að ræða við erlenda aðila, sem innlendir framleiðendur ráða ekki við sem heild vegna umfangs verksins og tæknilegra atriða, að farið sé inn á þá braut að semja um að hluti framleiðslunnar fari fram hér innanlands. Auk þess sem slíkt eykur hlut innlendra aðila í innkaupum, gæti slíkt stuðlað mjög að flutningi nýrrar tæknibekkingar inn í landið.

Loks skal bent á þau tækifæri sem opinber innkaup bjóða varðandi nýjungar í framleiðslu og ný iðnaðartækifæri. Íslensk framleiðslufyrirtæki eiga oft erfitt með að takast á við meiri háttar vöruþróunarverkefni, þar sem áhætta er mikil. Viða erlendis hafa stjórnvöld gert sér grein fyrir því, hversu mikilvægu hlutverki opinberir aðilar geta gegnt á þessu sviði, með því að fela fyrirtækjum að leysa ákveðin tæknivandamál varðandi framleiðslunýjungar á þann hátt að greiða fyrir verkefnið skv. samningi eða tryggja lágmarkssölu framleiðsluafurða. Slíkur stuðningur við nýsköpun er fjarri því að vera eingöngu hagsmunamál fyrirtækjanna sjálfra. heldur þjóðarinnar í heild. Því er nauðsynlegt að hið opinbera stuðli að slíkri starfsemi og geri hana eftirsóknarverða.“

Starfshópur sá, sem áður er minnst á, skilaði álit í febrúar á síðasta ári. Gerir hann ýmsar athyglisverðar tillögur um það, hvernig vinna megi að því að auka innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnaðarvörum. Eins og áður telur flutningsmaður nauðsynlegt að Alþingi láti í ljós hug sinn í þessum efnunum. Því er tillagan endurflutt.